

Stofnanasamningur
milli Eflingar – stéttarfélags annars vegar
og eftirtalinna fyrirtækja/stofnana hins vegar;
Ás vinnustofu, Ásgarðs handverkstæðis, Bjarkarás Vinnustofu
Skálatúns, Vinnustofu Hólabergs og Örva
um forsendur röðunar starfa.

Samkomulag þetta byggir á aðalkjarasamningi ríkisins og Eflingar-stéttarfélags, dags. 1. maí 2008.

1 Gildistími og gildissvið

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2008 og nær til einstaklinga sem eru í starfsþjálfun/starfsendurhæfingu eða fastráðnir hjá ofantöldum fyrirtækjum/stofnunum, sbr. gr. 11.1. Um önnur atriði sem ekki eru tekin fram í samningi þessum, skulu gilda ákvæði aðalkjarasamnings aðila.

2 Forsendur röðunar

- a. **Starfsþjálfun og starfsendurhæfing** er ætluð einstaklingum á aldrinum 16-65 ára. Starfsþjálfun er tímabundin og er 6 mánuðir í senn. Hægt er að framlengja tímabilinu ef þörf er á lengri þjálfun eða ef bið er eftir öðrum atvinnuúrræðum. Í starfsþjálfun eru greidd 30% af launum fyrstu 2 mánuði í þjálfun. Eftir það fer fram starfmat og laun geta hækkað í 50% ef það er niðurstaða matsins. Vinnutími er að hámarki 4 tímar á dag, alls 20 tímar á viku eða 50% starfshlutfall. Lágmarksstarfshlutfall er 10% eða 4 tímar á viku.
- b. **Ótímabundnir ráðningasamningar** eru ætlaðir einstaklingum 18-67 ára. Þeir eru ætlaðir einstaklingum sem að lokinni starfsþjálfun komast ekki eða vilja ekki fara á aðra vinnustaði.

Við fastráðningu fer fram starfmat þar sem starfsgeta hvers einstaklings er metin.

Um er að ræða 4 flokka; miðað er við 30%, 50%, 70% eða 90% starfsgetu.

Þarna er átt við virkan vinnutíma. Einstaklingur með 30% vinnugetu er talinn vinna við framleiðslu eða þjónustu 30% vinnutímans en þurfa á leiðsögn og þjálfun að halda 70% tímans. Framleiðsla eða þjónusta annars vegar og þjálfun eða leiðsögn hins vegar eru ekki aðgreind í daglegu starfi, heldur samþætt.

Mat á starfsgetu starfsmanns er hluti af samningi þessum. Mat skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Starfsmaður getur óskað eftir nýju starfsmati þegar a.m.k. sex mánuðir eru liðnir frá því að starfsmat var síðast gert. Liggi slík beiðni fyrir skal henni vísað til samstarfsnefnd aðila sem skipuð skal einum fulltrúa frá hvorum aðila um sig auk þess fulltrúa sem upphaflega mat starfsgetu viðkomandi. Niðurstaða úrskurðar skal gilda frá og með þeim degi sem beiðnin var lögð fram.

Laun eru greidd í hlutfalli við metna starfsgetu og vinnutíma viðkomandi einstaklings.

Starfsgeta starfsmanna skiptist, sem hér segir:

Hlutfall framleiðslu og þjónustu	Hlutfall þjálfunar og leiðsagnar
90%	10%
70%	30%
50%	50%
30%	70%

Starfsgeta starfsmanns á fastráðningarsamningi þarf a.m.k. að vera 30% skv. starfsmati.

Starfshlutfall getur ekki farið niður fyrir 10% eða 4 tíma á viku.

Þetta samkomulag tekur ekki til einstaklinga með fulla starfsgetu.

3 Starfaflokkun til launa

lfl.

Starfsmaður í starfsþjálfun / fastráðinn starfsmaður 5

Greitt er fyrir unna tíma í dagvinnu miðað við starfsgetu hvers og eins, samanber lið 2 Starfsmenn ráðast í launaprep eftir lífaldri.

Desember- og orlofsuppbót eru greidd í sama hlutfalli og laun, miðað við starfsgetu og starfshlutfall.

4 Réttur starfsmanna til veikinda eða slysa

Um rétt starfsmanna til veikinda eða slysa fer samkvæmt kafla 12 í aðalkjarasamningi aðila.

Þ.e. að störf samkvæmt lið 2.a fer samkvæmt gr. 12.2.2 en réttur starfsmanna samkvæmt lið 2. b fer eins og almennt gerist samkvæmt kafla 12.

Réttur til greiðslu launa í forföllum vegna veikinda og slysa sem ekki er tengd fötlun viðkomandi verði virtur, samanber yfirlýsing ASÍ og Hlutverks frá maí 2006.

5 Ráðning og starfslok


Gerður er skriflegur ráðningarsamningur við alla starfsmenn. Ráðningarsamningur í starfsþjálfun er tímabundinn og þarf ekki að segja upp sérstaklega. Hægt er að framlengja samningi í starfsþjálfun með breytingarblaði.

Um uppsagnarfrest starfsmanna á ótímabundnum ráðningarsamningi fer samkvæmt grein 17.1 í aðalkjarasamningi aðila.

6 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings aðila. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Reykjavík, 5. júní 2008



með fyrirvara fyrir hönd eftirtalinna fyrirtækja

f.h. Áss vinnustofu

f.h. Ásgarðs handverkstæðis

f.h. Bjarkaráss

f.h. Vinnustofu Skálatúns

f.h. Vinnustofu Hólabergs

f.h. Örva

f.h. Eflingar – stéttarfélags
með fyrirvara fyrir hönd félagsmanna

